

REGLUR

um styrki Snorra Sturlusonar.

1. gr.

Styrkir Snorra Sturlusonar (The Snorri Sturluson Icelandic Fellowships) skulu árlega boðnir erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í því skyni að kynnst sem best íslenskri tungu, menningu og mannlífi. Styrkþegum skal gefinn kostur á að nema íslenska tungu eða stunda rannsóknir í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands sé þess óskað.

2. gr.

Styrkirnir skulu veittir í þrjá mánuði hið minnsta og miðast að öllu jöfnu við greiðslu á ferðakostnaði styrkþega til og frá landinu og dvalarkostnaði innanlands. Ráðstöfunarfé til styrkjanna er ákveðið í fjárlögum.

3. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar úthlutunarnefnd til þriggja ára í senn. Rithöfundasamband Íslands tilnefnir einn nefndarmanna, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum annan og Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands hinn þriðja en mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi þeirra þriggja sem tilnefndir eru.

4. gr.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum auglýsir styrkina, tekur á móti umsóknum og greiðir götu styrkþega meðan á Íslandsdöl þeirra stendur.

5. gr.

Auglýst skal eftir umsóknum um styrkina einu sinni á ári og skal styrkjatímabilið miðast við almanaksár. Með umsóknum fylgi rækileg greinargerð um námsferil og störf. Af tveimur jafnhæfum umsækjendum skal að jafnaði sá hljóta styrk sem er frá hinum fjarlægari löndum – frá Austur- og Suður-Evrópu, Asíu, Afríku, Rómönsku Ameríku eða Eyjaálfu.

6. gr.

Í lok Íslandsdvalar sinnar skulu styrkþegar skila Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum greinargerð um hvernig styrknum var varið.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með hliðsjón af 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 31. október 2019.

Lilja D. Alfreðsdóttir.

Karitas H. Gunnarsdóttir.